

Við afgreiðslu erindis um meint brot Sigurðar Inga Jóhannssonar á siðareglum fyrir alþingismenn á fundi forsætisnefndar 9. september 2022 lögðu Ásthildur Lóa Þórsdóttir og Jódís Skúladóttir, ásamt áheyrnarfulltrúunum Andrési Inga Jónssyni og Þorbjörgu Gunnlaugsdóttur, sameiginlega fram eftirfarandi bókun:

*Mótmælt er ákvörðun fulltrúa Framsóknar og Sjálfstæðisflokks að vísa frá því erindi sem barst forsætisnefnd um meint brot Sigurðar Inga Jóhannssonar á siðareglum fyrir alþingismenn. Erindið barst þann 8. apríl sl. og nú fimm mánuðum síðar er málinu vísað frá. Engin efni voru til að draga afgreiðslu málsins mánuðum saman. Töf á afgreiðslu mála sem þessara hefur áhrif á trúverðugleika málsmeðferðar sem og niðurstöðu.*

*Hinn eðlilegi farvegur málsins hefði verið að fá ráðgefandi siðanefnd sem fyrst til að leggja mat á málið, og hvort um brot var að ræða og gefa álit sitt að því loknu, frekar en að vísa erindinu nú frá á grundvelli takmarkaðra upplýsinga.*

*Fer þessi málsmeðferð gegn þeim tilgangi og markmiðum siðareglna fyrir alþingismenn að efla tiltrú og traust almennings á Alþingi.*